

SAMÞYKKT

um afgreiðslur skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum.

1. gr.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar mál sem talin eru upp í 2. gr. þessarar samþykktar, sbr. heimild í 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Um afgreiðslur skipulags- og byggingarráðs gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

2. gr.

Skipulags- og byggingarráði er heimilt að auglýsa og grenndarkynna tillögur að breytingum á deiliskipulagi skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og nánari skilgreiningu Skipulagsstofnunar. Ef engar eða óverulegar athugasemdir berast getur skipulags- og byggingarráð afgreitt erindið og sent til yfirferðar Skipulagsstofnunar.

Ef engar athugasemdir berast við nýjar deiliskipulagstillögur sem auglýstar hafa verið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga er skipulags- og byggingarráði heimilt að afgreiða þær til Skipulagsstofnunar nema bæjarstjórn ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.

3. gr.

Skipulags- og byggingarráði er heimilt að vísa frá eða synja erindum og veita um þau umsagnir ef þau eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir, skipulagsskilmála og/eða skipulagsreglugerð.

4. gr.

Eftir að skipulags- og byggingarráð hefur afgreitt mál skal það tilkynna málsaðila formlega um ákvörðun sína. Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju innan þriggja mánaða ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Skal honum leiðbeint um heimild til þess að óska endurupptöku máls í skipulags- og byggingarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji skipulags- og byggingarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka málið upp að nýju.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs, og telji skipulags- og byggingarráð að skilyrði um endurupptöku séu ekki fyrir hendi, er honum heimilt að skjóta afgreiðslu ráðsins til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og 10. gr. byggingarreglugerðar, nr. 441/1998. Skal aðilum leiðbeint um kærufrest þegar um kæranalega ákvörðun er að ræða.

Samþykkt þessi, sem bæjarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur sett í umboði bæjarstjórnar, sbr. 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. ágúst 2005,

F. h. r.
Guðjón Bragason.

María Sæmundsdóttir.